



Stefna um frístundaheimili í grunnskólum Akureyrarbæjar

Í Menntastefnu Akureyrarbæjar (2020-2025) er meðal annars kveðið á að öll börn skulu eiga kost á gæðastarfi og vönduðum starfsháttum í frístundaheimilum, leikskólum, grunnskólum og tónlistarskóla sveitarfélagsins. Frístundaheimilin eru hluti af starfi grunnskóla og eru ætluð börnum í 1.- 4. bekk. Starf frístundaheimila hefst eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur og er mikil áhersla lögð á vandað og uppbyggjandi starf þar sem áhersla er lögð á frjálsan leik og óformlegt nám. Akureyrarbær stuðlar að þróun og nýbreytni í starfi frístundaheimila í samstarfi við hagsmunaaðila; börn, foreldra, starfsfólk og grenndarsamfélagið. Hjá Akureyrarbæ eru starfrækt sjö frístundaheimili.

- [Frístundaheimili Brekkuskóla](#) v/Skólastíg. Sími: 414-7979
- [Frístundaheimili Giljaskóla](#) v/Kiðagil. Sími: 462-4825
- [Frístundaheimili Glerárskóla](#) v/Höfðahlíð. Sími 461-1253
- [Frístundaheimili Lundarskóla](#) v/Dalsbraut. Sími 462-4888
- [Frístundaheimili Naustaskóla](#) v/Hólmatún. Sími 460-4111
- [Frístundaheimili Oddeyrarskóla](#) v/Víðivelli. Sími: 460-9557
- [Frístundaheimili Síðuskóla](#) v/Bugðusíðu. Sími: 461-3473

Leiðarljós

Frístundaheimili bjóða öll börn velkomin í fjölbreytt frístunda- og tómsundastarf án aðgreiningar. Frístundaheimilin hafa menntastefnu Akureyrarbæjar og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi og skapa þannig umhverfi þar sem börnin upplifa öryggi og fá að hafa áhrif á starf frístundaheimilanna. Allt með það að markmiði að efla sjálftraust þeirra og félagsfærni.

Starf frístundaheimila

Í daglegu starfi frístundaheimilanna er lögð áhersla á frjálsan leik og óformlegt nám barna með virkri þátttöku í tómsundastarfi í öruggu umhverfi. Áhersla er lögð á að samþætta grunnþætti menntunar: Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun inn í daglegt starf frístundaheimila. Þá er rík áhersla lögð á þátttöku barna í leik og starfi með fjölbreyttum, skapandi og ögrandi viðfangsefnum í samræmi við þarfir og þroska hvers og eins. Börn eru virkir þátttakendur í leik og starfi og fá tækifæri til að velja verkefni, vinna í hópum og frjálsum leik. Lögð er áhersla á að þroska félagslega færni í samskiptum. Börnum er kennt að bera virðingu fyrir sér, öðrum og umhverfi sínu. Lögð er rík áhersla á umburðarlyndi og fjölbreytileika og unnið er markvisst gegn óæskilegri hegðun, einelti og ofbeldi.

Að sækja um á frístundaheimili

Forskrá þarf börn á frístundaheimili fyrir komandi skólaár að vori og er það á ábyrgð foreldra. Sækja þarf um á hverju ári í gegnum frístundavefinn Völu með rafrænum skilríkjum og gildir umsóknin eitt skólaár í senn (ágúst-júní). Ef börnin eru ekki forskráð, er ekki hægt að gera ráð fyrir því að þau fái pláss fyrr en eftir 1. október. Ef óskað er eftir breytingu á dvalartíma þarf að skrá rafrænt inn í Völu fyrir 20. hvers mánaðar. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á skráningu er einn mánuður.

- [Sækja um frístundaheimili](#)
- [Upplýsingar um hvernig á að breyta vistunartíma eða segja upp plássi](#)

Gjaldskrá

Greitt er samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma:

- [Gjaldskrá frístundaheimila Akureyrarbæjar](#)

Til að njóta systkinaafsláttar þurfa börn að vera skráð á kennitölu sama foreldris og með sameiginlegt lögheimili. Ef tvö systkini dvelja á frístundaheimili fær annað barnið 50% afslátt. Ef þau eru þrjú, er veittur 100% afsláttur með þriðja barninu.

Hægt er að sækja um tekjutengda afslætti af frístundagjöldum í gegnum [þjónustugátt á akureyri.is](#). En auk þess að fylla út eyðublaðið þarf að fylgja með afrit af síðasta skattframtali í umsókninni.

Fyrir nýbúa (t.d. börn á flóttu) er veittur einn gjaldfrjáls mánuður á frístundaheimilum við komuna til landsins. Eftir það er hægt að fá niðurfellingu á frístundagjöldum að hluta (ekki fæðiskostnað). Þetta á við ef um er að ræða lágtekjufólk eins og til dæmis flóttafólk sem enn er utan atvinnu.

Umhverfi og aðbúnaður

Umhverfi frístundaheimila einkennast af öryggi, fagmennsku og virðingu þar sem jákvæð samskipti og lýðræðislegir starfshættir eru í hávegum hafðir í samræmi við menntastefnu Akureyrarbæjar og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Úrval af efniviði og búnaði er til staðar sem höfðar til mismunandi áhugasviðs barna og mætir þörfum þeirra óháð aldri og þroska. Leikefni og leikföng eru í samræmi við aldur og áhuga barnanna og til þess fallið að efla þroska þeirra og færni.

Mannauður

Umsjónarmaður frístundaheimilis skal vera með háskólapróf í tómstunda- og félagsmálafræði, kennarapróf, uppeldismentun eða aðra sambærilega menntun. Hlutverk umsjónarmanna frístundaheimila er að stýra starfsemi og veita frístundaheimilum faglega forystu í samvinnu við grunnskólastjórnendur í viðkomandi skóla. Áhersla er að veita nýjum starfsfólki nýliðarþjálfun í upphafi starfs. Þá er einnig lögð áhersla á að allir starfsmenn frístundaheimila sækji símenntun samkvæmt árlegri símenntunaráætlun. Það starfsfólk frístundaheimila sem sinnir börnum með viðbótarstuðning fá viðeigandi þjálfun og leiðsögn innan skólans til að gæta að samræmi í þjónustu við þau.

Opnunartími

Starfstími frístundaheimila miðast við skólaárið eins og það er hverju sinni og er daglegur opnunartími frá því að kennslu yngstu barnanna lýkur á daginn til kl. 16:15. Í haust-, jóla- og páskafríum eru frístundarheimilin opin alla þá daga frá kl. 08:00 - 16:15. Í vetrarfríum er opnunartími frístundaheimila frá kl. 13:00 - 16:15. Á flestum starfsdögum kennara og á þeim dögum sem foreldraviðtöl fara fram í skólum eru frístundaheimili opin allan daginn fyrir þau börn sem eru skráð í lengda viðveru. Það er ábyrgð foreldra að skrá börn í lengda viðveru fyrir 20. hvers mánaðar. Vert er að hafa í huga að opnunartími frístundaheimila gæti tekið einhverjum breytingum yfir skólaárið og eru þær breytingar auglýstar tímanlega.

Frístundaheimilin hafa að jafnaði þrjá skipulagsdaga á skólaárinu sem eru ýmist heilir eða hálfir yfir skólaárið. Er tilgangur þeirra að skipuleggja faglegt starf frístundaheimila og eru þeir dagar skipulagðir af umsjónarmönnum frístundaheimila og skólustjórum til símenntunar starfsfólks.

Síðdegishressing

Börn sem dvelja í frístundaheimilum eftir skóla er boðið upp á síðdegishressingu. Lögð er áhersla á að bjóða upp á næringarríkan mat gegn vægu gjaldi svo sem mjólkurvörur, brauð með álegg, kornvörur og/eða ávexti og grænmeti. Mikilvægt er að foreldrar upplýsi umsjónarmann og matráð ef barn er með fæðuóþol eða fæðuofnæmi og skili vottorði því til staðfestingar til skólans.

Samstarf frístundaheimila og íþróttá- og æskulýðsfélaga

Útivera og almenn hreyfing eru reglubundnir þættir í frístundastarfi. Frístundaheimilin geta nýtt nærliggjandi íþróttasal eins og hægt er í sínu starfi. Börn á frístundaheimilum fá aðstoð starfsfólks við að undirbúa sig fyrir æfingar og mæta á réttum tíma. Hafa skal í huga að eftir að börnin fara úr umsjón starfsfólks frístundaheimila eru þau ekki lengur á ábyrgð frístundaheimila. Misjafnt er hvort börnin komi aftur að æfingu lokinni, en mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn upplýsi starfsmenn frístundaheimila um það fyrirkomulag. Eins er mikilvægt að foreldrar upplýsi umsjónarmenn frístundaheimila ef einhverjar breytingar verða á íþróttatímum, er sú ábyrgð á herðum foreldra.

Foreldrasamstarf

Frístundaheimilin leggja mikið upp úr góðum samskiptum við heimilin. Upplýsingapóstur eru sendir rafrænt með helstu upplýsingum að jafnaði mánaðarlega og eru foreldrar hvattir til að hafa samband við starfsfólk frístundaheimila ef eitthvað er. Best er að hafa samband fyrir klukkan 12:30 í gegnum tölvupóst. Einnig er hægt að hringja í frístundaheimilið (sjá upplýsingar á heimasíðum skólanna).

Mikilvægt er að upplýsa starfsfólk frístundaheimila þegar börnin eru sótt þannig að ljóst sé hve mörg börn eru á frístundaheimilinu hverju sinni. Ef einhver annar en foreldri sækir barn er mikilvægt að upplýsa umsjónarmann frístundaheimila.

Eftirlit og ábyrgð

Tryggja ber að starfsemi frístundaheimila Akureyrarbæjar sé í samræmi við þær áherslur sem lagðar eru í stefnumótun þessari. Ávallt er unnið að því að auka gæði starfsins og stuðla að umbótum. Mikilvægur liður í því er að veita góðar upplýsingar um starfsemina til foreldra, starfsfólks skóla og bæjaryfirvalda. Þá er lagt upp með að vinna stefnumótandi umbætur í samvinnu við starfsfólk frístundaheimilanna og skólastjórnendur.

Skrifstofa fræðslu- og lýðheilsusviðs stendur fyrir samráðsfundum umsjónarmanna frístundaheimila, einum á hvorri önn. Þá funda umsjónarmenn mánaðarlega yfir skólaárið. Á samráðsfundum er fjallað um sameiginleg málefni, s.s. áherslur í innra starfi, rekstrar- og starfsmannamál, samstarf innan og á milli hverfa og stefnumótun. Fræðslu- og lýðheilsuráð í umboði bæjarstjórnar hefur eftirlit með að starfsemi frístundaheimila sé í samræmi við samþykktu stefnu bæjarins í málaflokknum.

Samþykkt í bæjarstjórn 21. maí 2024